

REGLUGERÐ

um fjárhæðir greiðslna almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar á árinu 2026.

1. gr.

Fjárhæðir greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og greiðslur samkvæmt 42. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir á árinu 2026:

<i>Lífeyristryggingar</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ellilífeyrir, skv. 21. gr.	365.592	4.387.104
Hálfur ellilífeyrir, skv. 21. gr.	182.796	2.193.552
Örorkulífeyrir, skv. 24. gr.	416.950	5.003.400
Hlutaörorkulífeyrir, skv. 25. gr.	341.899	4.102.788
Örorkustyrkur, skv. 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða	51.118	613.416
Örorkustyrkur, fyrir 62 ára og eldri, skv. 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða	69.148	829.776
Aldursviðbót (100%), skv. 29. gr.	32.917	395.004
Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 40. gr.	50.634	607.608
 <i>Annað</i>	 <i>kr. á mánuði</i>	 <i>kr. á ári</i>
Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur skv. 27. gr.	416.950	5.003.400
Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 42. gr.	50.634	607.608

2. gr.

Fjárhæðir greiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, skulu vera sem hér segir á árinu 2026:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr.	14.660	175.920
Mæðra- og feðralaun með þremur börnum eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.	38.111	457.332
Barnalífeyrir, skv. 3. gr.	50.634	607.608
Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr.	273.969	3.287.628
Makabætur og umönnunarbætur, skv. 5. gr.	250.170	3.002.040
Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.	75.420	905.040
Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.	56.496	677.952
Heimilisuppbót, skv. 2. mgr. 8. gr.	92.384	1.108.608
Heimilisuppbót, skv. 3. mgr. 8. gr.	69.126	829.512

Heimilisuppbót hálfis ellilífeyris, skv. 8. gr.	46.192	554.304
Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 10. gr.	25.558	306.696

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 63. gr., sbr. 62. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, öðlast gildi 1. janúar 2026. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1488/2024, um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2025.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 19. desember 2025.

Inga Sæland.

Ásgeir Runólfsson.

B deild - Útgáfudagur: 29. desember 2025